



Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/2966  
komudagur 10.8.2010

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. ágúst 2010

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðild að spillingarsamningi Sameinuðu þjóðanna, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 1210 – 652. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga um aðild Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu sem gerður var í New York 31. október 2003.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hina framlögðu þingsályktunartillögu og styður aðild Íslands að umræddum samningi.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

*Kolbrún B. Árdal*

Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2967*  
*komudagur 10.8.2010*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

9. ágúst 2010

A-8  
LÖ/bb

Vísað er til erindis utanríkismálanefndar Alþingis frá 24. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um aðild að spillingarsamningi Sameinuðu þjóðanna, 652. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreinda tillögu.



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2949  
komudagur 8.7.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 8. júlí 2010

Tilvísun: 2010060196

50.03


Tilvísun yðar: Þskj. 1210 — 652. mál.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn - Tillaga til þingsályktunar um aðild að spillingarsamningi Sameinuðu þjóðanna**

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis, dags. 24. júní sl., er óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um aðild að spillingarsamningi Sameinuðu þjóðanna, 652. mál. Embætti ríkislögreglustjóra gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

F.h. RLS

  
Guðmundur Guðjónsson / Thelma CI, Þórðardóttir



Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
b/t nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. ágúst 2010.

Efni: Tillaga til bingsályktunar um aðild að spillingarsamningi Sameinuðu þjóðanna. (652.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér aðild Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.*

Spilling hefur verið eytt helsta vandamál og umræðuefni þegar kemur að stjórnvöldum landa. Uppræting spillingar hefur verið yfirlýst markmið flestra lýðræðiskjörinna ríkisstjórna ásamt áralangri barráttu bæði innan landa og milli við þau öfl sem þrífast á spillingu.

Október 2003 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samning gegn spillingu. Sá samningur er settur fram sem stuðningur við samstarf ríkja um upprætingu spillingar. Í dag eru yfir 140 ríki aðilar að honum og meðal annarra öll norðuriöndin og EES ríki utan Íslands.

Aðild Íslands að ofangreindum samningi er eðlileg í því alþjóða samfélagi sem við búum í og færir um leið verkfæri til upprætingar spillingu hér á landi. Þó Ísland hefi jafnan komið vel út í úttekstum á spillingu ríkja þá er full ástæða til að tryggja gott aðhald að stjórnvöldum og innan stjórnsýslunnar, er þessi samningur tæki í þeirri barráttu.

**Viðskiptaráð leggur til að ofangreind tillaga nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands